



Alþingi - nefndarsvið
Austurstræti 8 – 10
Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, (endurgreiðsla kostnaðar) – 132. mál.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á 38. gr. laga um sjúkratryggingar, þannig að á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Sjúkratryggðum einstaklingi sem fær heimild sjúkratryggingastofnunar til að sækja sér heilbrigðisþjónustu í öðru aðildarríki EES samningsins skv. 20. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004, um samræmingu almannatryggingakerfa, skal heimilt að sækja þjónustuna hér á landi þótt samningur um heilbrigðisþjónustu sé ekki fyrir hendi, sbr. IV. kafla. Skilyrði fyrir slíkri heimild er að þjónustan sé veitt af aðila sem uppfyllir allar kröfur sem til slíkrar þjónustu eru gerðar og miðast greiðsluþátttaka sjúkratrygginga við það sem greitt er fyrir samsvarandi þjónustu innan lands samkvæmt gjaldskrá sem stofnunin gefur út. Nánar skal kveðið á um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð sem ráðherra setur.

Samtök heilbrigðisfyrirtækja lýsa yfir stuðningi við þetta frumvarp og telja að með samþykkt þess muni staða fjölmargra sjúklinga sem hafa þurft að bíða lengi eftir aðkallandi heilbrigðisþjónustu gerbreytast, ekki síst hvað varðar öryggi og aðbúnað. Það er alkunna að millilandaflug reynir mjög á veikt fólk, sér í lagi í kjölfar stórra skurðaðgerða, og getur slíkt aukið líkur á fylgikvillum eins og blóðtappa. Aðgerðir erlendis kalla jafnframt á meiri fjarveru frá heimili og vinnustað fyrir sjúklinga og aðstandendur.


Þá má fullyrða að það hefur nánast í öllum tilfellum minni kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð að aðgerðir séu framkvæmdar hér á landi í stað þess að þær séu framkvæmdar erlendis. Sem dæmi má nefna að kostnaður vegna liðskiptaaðgerða á mjöðm sem framkvæmdar voru á árinu 2021 var rúmlega 2,2 milljónir króna, auk ferðakostnaðar uppá rúmlega 650 þúsund krónur, hvort tveggja pr. aðgerð, sjá: (<https://www.althingi.is/altext/152/s/1409.html>) Heildarkostnaður fyrir hverja aðgerð er því um 2,9 milljónir króna. Þessar aðgerðir hefði verið hægt að fá framkvæmdar hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtæki hér á landi fyrir um 1,2 milljónir króna, en langt í

helmingurinn þeirrar upphæðar hefði skilað sér til baka í ríkissjóð í formi opinberra gjalda.

Það er því stórt samfélagslegt hagsmunamál, að greiða fyrir því að aðgerðir sem nú eru í ríkum mæli framkvæmdar erlendis, verði framkvæmdar hér á landi. Fjarvera frá vinnustað vegna sjúkdóma eða óvinnufærni kostar samfélagið gífurlegar upphæðir á hverju ári. Allt sem má verða til að stytta þann tíma sem fólk er fjarverandi af þessum orsökum skilar sér ríkulega til baka, bæði í formi minni kostnaðar og auknum afköstum í atvinnulífinu.

Samtök heilbrigðisfyrirtækja styðja því frumvarp þetta heils hugar og leggja áherslu á að það fái framgang á Alþingi.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka heilbrigðisfyrirtækja



Dagný Jónsdóttir, formaður